



# Badmintondeild Skallagríms

### **Fréttir.**

Starf deildarinnar hefur farið vel af stað núna í haust og nánast fullt í alla æfingatíma hjá krökkunum. Miniton-námskeiðið fór einnig vel af stað en þátttakendur eru á aldrinum 3ja - 8 ára og foreldrar á öllum aldri þannig að hópurinn er nokkuð breiður. Síðasti dagur þessa fyrsta námskeiðs er 6. október og seinna í vetur munum við bjóða upp á annað Miniton-námskeið ef næg þátttaka fæst.

Reykjavíkurmót unglinga var haldið 22. september og voru keppendur frá Skallagrími 5 talsins en það voru þau Arnór Tumi Finnsson, Harpa Hilmisdóttir, Bjarni Guðmann Jónsson, Ingibjörg Rósa Jónsdóttir og Brynjar Snær Pálsson. Bestum árangri náði Harpa en hún varð önnur í einliðaleik U15 og í 3-4 sæti í tvenndarleik U15 ásamt Steinari Gunnarssyni ÍA.

### **Foreldrafundur.**

Foreldrafundur verður haldinn mánudaginn 8. október kl. 18 í Skátahúsinu (beint á móti Íþróttahúsinu). Farið verður yfir starf vetrarins og hvetjum við alla foreldra/forráðamenn til að mæta. Endilega ef þið hafið ábendingar eða fyrirspurnir þá er gott að fá þær inn á fundinn.

### **Mótamál.**

Áætlað er að fara með hópa á eftirtalin B-byrjendamót og mun skráning í þau verða auglýst með fyrirvara. Fleiri mót eru í boði og er öllum frjálst að skrá sig á þau í gegnum deildina og verða þau einnig auglýst með fyrirvara. Vekjum athygli á því að Vesturlandsmót verður haldið hér í Borgarnesi 12. janúar og upplagt að taka frá daginn strax.

### **U11**

- 1. desember – Ljúflingamót TBR, Reykjavík*
- 12. janúar – Vesturlandsmótið, Borgarnes*
- 27. janúar – Grislingamót ÍA, Akranes*
- 27. apríl – Snillingamót BH*

### **U13 – U19**

- 14. október – Unglingamót KR, Reykjavík*
- 27. október – Sparisjóðsmót Keflavíkur, Keflavík*
- 12. janúar – Vesturlandsmótið, Borgarnes*
- 9. febrúar – Unglingamót Þórs*

### **Æfingabúðir**

Verið er að skoða að vera með æfingabúðir í samstarfi við badmintonfélögin á Vesturlandi. Hugmyndin er að fara og gisti eina nótt. Munum við láta ykkur vita strax og komin er botn í hvar og hvenær þær verða.



### **Fjáraflanir.**

Þrír helstu tekjupóstar deildarinnar eru styrkir frá Borgarbyggð, æfingagjöld og ýmsar fjáraflanir. Við viljum biðja ykkur um að merkja við þessar dagsetningar sem komnar eru hjá ykkur og látum vita strax þegar frekari upplýsingar liggja fyrir það sem eru ódagsett.

### **Fjáröflunardagskráin lítur þannig út í grófum dráttum;**

*Föstudagurinn 12. október – kökubasar Hyrnutorgi.*

*Desember – fjáröflun með vörusölu einhvers konar.*

*Mars – Firmakeppni Badmintondeildar*

*Föstudagurinn 22. mars – kökubasar Hyrnutorgi.*

*Maí – hreinsunardagur Badmintondeildar.*

### **Samstarf við ÍA.**

Undanfarin ár höfum við haft góðan aðgang að Badmintonfélagi ÍA og hafa nokkrir iðkendur sótt þangað æfingar í hverri viku. Áhugi er fyrir að efla þetta samstarf enn frekar hvað varðar æfingar, æfingabúðir, æfinga og keppnisferðir erlendis, heimsóknir og fræðsla og útbreiðsla.

### **Áhöld og fatnaður.**

Ef ykkur vantar badmintonspaða eða hafið áhuga á að fjárfesta í sérstökum badmintonfatnað eða öðru tengdu badmintoni þá getið þið sent póst á netfangið okkar og við aðstoðum eftir bestu getu.

### **Æfingagjöld**

Í byrjun október verða sendir út greiðsluseðlar fyrir æfingagjöld á haustönn.

### **Upplýsingar og kynningarmál.**

Heimasíða; <http://skallaqrimur.is/badminton/>

Facebook; <http://www.facebook.com/#!/badmintondeild.skallagrims>

Tölvupóstur; [skallababbinn@gmail.com](mailto:skallababbinn@gmail.com)

Á heimasíðunni má finna helstu upplýsingar um starfsemi deildarinnar, tíma í húsinu og þess háttar og munum við setja inn fréttir úr starfinu. Facebook síðuna notum við til að koma ýmsum upplýsingum á framfæri og um að gera að „add-a“ ykkur þar inn. Við viljum biðja ykkur um að senda okkur netfangið ykkar þeir sem ekki hafa gert það nú þegar og eins ef það eru breytingar þá endilega láta vita. Ef þið hafið ábendingar, spurningar eða annað þá endilega hafið samband við okkur.

### **Netföng og símanúmer þjálfara og stjórnar.**

Helgi Magnússon, [helgim@fva.is](mailto:helgim@fva.is), gsm 898-3884.

Arnór Tumi Finnsson, [arnortumi@gmail.com](mailto:arnortumi@gmail.com), gsm 867-2387.

Sigríður Guðbj. Bjarnadóttir, [sigga.bjarna@badminton.is](mailto:sigga.bjarna@badminton.is), gsm 892-3468.

Inga Dóra Halldórsdóttir, [ingadora@simenntun.is](mailto:ingadora@simenntun.is), gsm 863-0862.

Ebba Pálsdóttir, [finnuring@simnet.is](mailto:finnuring@simnet.is), gsm 860-2667.



**Tímatafla.**

Eftir 1. október þá bætist við tími á sunnudögum frá kl. 9:00-10:00 og á eftir að ákveða hvernig við munum nota þá en hugmynd er að vera með námskeið bæði fyrir unga fólkið sem og trimmara. Munum við auglýsa það fljótlega. Við viljum benda á laugardagstíma frá 17:00-18:00 þar sem allir eru velkomnir, fjölskylda, vinnufélagar og aðrir. Þeir sem hafa áhuga á að mæta í þá tíma endilega sendið okkur póst eða hafið samband í síma 892-3468.

Taflan frá 1. október lítur svona út;

	Mánudagar	Miðvikudagar	Laugardagar	Sunnudagar
1. - 5. bekkur	17:30-18:20	16:30-17:20		
6. - 10. bekkur	18:20-19:30	17:20-18:30		
Allir saman / Trimmara			17:00-18:00	
Námskeiðstímar/Miniton-Trimmarar				9:00-10:00



**SLÁÐU TIL!**